

Jafnréttisstefna KEA svf.

KEA svf. vill í starfsemi sinni stuðla að jafnrétti kynjanna, beita kynjasambættingu og sýna samfélagslega ábyrgð og telur að í því ljósi beri að túlka 2. gr samþykktu félagsins um að tilgangur þess sé að „að vinna að hagsmunum félagsmanna og efla búsetu á félagssvæði sínu“. Félagið setur sér því jafnréttisstefnu sem tekur mið af jafnréttislögum nr. 10/2008 og alþjóðlegum sáttmálum svo sem „Jafnréttissáttmála UN Women and Global Compact“ og „Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum“. Jafnréttisstefna KEA er í 6 liðum sem miðar að því styrkja ábyrga starfshætti fyrirtækisins. Umsjón með framgangi jafnréttisstefnu og eftirfylgni er í höndum stjórnar.

1. Jafnrétti kynjanna

KEA svf. er félag sem beitir sér fyrir jafnrétti kynjanna og að mannréttindi séu virt innan fyrirtækisins og í starfsemi þess út á við. Á þetta við um úthlutun styrkja, stefnumótun, skipun í trúnaðarstöður og daglegan rekstur fyrirtækisins. Í því sambandi er lögð sérstök áhersla á að stjórnendur og stjórn fyrirtækisins hugi að því hvaða áhrif ákvarðanir þeirra hafa á jafnrétti kynjanna. Einnig leggur KEA áherslu á og hvetur félög í þess eigu (dótturfélög) til að stuðla að jafnrétti og beita kynjasambættingu.

Stjórn félagsins setur tímasett markmið varðandi viðfangsefni á sviði jafnréttismála og ákvarðar hvaða leiðir eru farnar til að leiðrétta kynjahalla sem kann að vera til staðar. Á minnst tveggja ára fresti eru markmið og leiðir endurskilgreindar. Áður er metinn sá árangur sem náðst hefur undangengið tímabil og niðurstaða árangursmats rædd sem formlegur dagskrárliður á minnst einum stjórnarfundum. Á aðalfundi er starf stjórnar á sviði jafnréttismála jafnframt kynnt félagsmönnum. Jafnréttisstefna skal vera aðgengileg á heimasíðu félagsins.

2. Jöfn tækifæri kynjanna

KEA greiðir körlum og konum undantekningarlaust sömu laun fyrir jafnverðmæt störf og hugar að því við nýráðningar að hafa hlutfall karla og kvenna hjá fyrirtækinu sem jafnast. KEA kappkostar að gefa starfsfólki kost á að samræma vinnu og fjölskyldulíf, t.d. með sveigjanlegum vinnutíma jafnt fyrir karla og konur. Framkvæmastjóri ber ábyrgð á að kynna jafnréttisstefnu og einstök markmið stjórnar félagsins fyrir starfsmönnum, fá endurgjöf á þau og koma upplýsingum, ef einhverjar eru, til stjórnarinnar. KEA tryggir starfsfólki sínu af báðum kynjum jafnan aðgang og jöfn tækifæri til endurmenntunar og tengslamyndunar.

3. Starfsskilyrði

Ofbeldi er ekki liðið hjá KEA. Kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni, einelti, andlegt- eða, líkamlegt ofbeldi er litið alvarlegum augum hjá fyrirtækinu og tafarlaust leitað leiða til að uppræta slíkt. Telji aðilar á sér brotið eða hafa ábendingar er hægt að beina þeim til framkvæmdastjóra eða til stjórnarmanna.

4. Styrkir og hvatning

Við styrkveitingar og hvatningar sem veitt eru skal leitast við að hafa jafnvægi milli kynja og skoða hvort unnt sé í slíku að vinna gegn neikvæðum staðalmyndum kynjanna. Halli á annað kynið skal hvatt sérstaklega til umsókna frá því kyni við næstu úthlutun.

KEA horfir jákvæðum augum til hugmynda og áætlana, t.d. viðskiptaáætlana, sem ýta undir aukið jafnvægi kynjanna og leitast við að styðja við þær falli þær að stefnu fyrirtækisins.

5. Tengsl við fyrirtæki og stofnanir

KEA vill beita áhrifum sínum í viðskiptum og í eignarhaldi fyrirtækja til að stuðla að jafnrétti, meðal annars með því að hvetja til þess að ráða kynið sem hallar á í stjórnunarstörf og til stjórnarsetu.

6. Samfélagsleg ábyrgð

KEA er fyrirtæki í eigu fjöldahreyfingar og vill almennt sýna samfélagslega ábyrgð og huga að jafnréttismálum í starfi sínu. Stefna fyrirtækisins miðast við að skila ábata af rekstri aftur til samfélagsins og því telur KEA eftirsóknarvert að vinna með fyrirtækjum, félagasamtökum og stofnunum sem meta starfsemi sína og forgangsraða út frá jafnrétti kynjanna og samfélagsábyrgð.